

F.O.S. Vest.

FÉLAG OPINBERRA STARFSMANNA VESTFJÖRDUM,
PÓSTHÓLF 391, 400 ÍSAFJÖRÐUR

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1373

komudagur 12.4.1996

Nefndardeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.


Ísafirði 9. apríl 1996.

Stjórn Félags opinberra starfsmanna á vestfjörðum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 372. mál.

Stjórn F.O.S. Vest. krefst þess að frumvarp þetta verði dregið til baka. Stjórn félagsins telur fráleitt að hægt sé að svipta fólk lögbundnum réttindum sem orðið hafa til í tengslum við kjarasamninga, því svo sannanlega eru ákvæði núverandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hluti af sammingsbundnum kjörum ríkisstarfsmanna.

Til viðbótar framanrituðu, vill stjórn F.O.S. Vest vísa til umsagnar BSRB um frumvarpið og lýsa fullum stuðningi við hana.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar F.O.S. Vest


Þorbjörn J. Sveinsson, formaður.